

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.

1. gr.

Grein 33.a orðast svo:

Framleiðendur, innflytjendur og umboðsaðilar efna og efnavara sem falla undir reglugerð þessa skulu hafa tiltæk öryggisblöð um viðkomandi efni og efnavörur, sbr. reglugerð um öryggisblöð.

2. gr.

Í stað orðsins „öryggisleiðbeiningar“ í V61 í fylgiskjali 4, og hvarvetna í fylgiskjölum 5 og 6 í reglugerðinni kemur í viðeigandi beygingarfalli: öryggisblöð.

3. gr.

Í stað texta í fylgiskjali 8, *Prófunaraðferðir*, kemur texti sem birtur er í viðauka við reglugerð þessa.

4. gr.

Í stað texta í tölulið 6 og 10 í A-hluta fylgiskjals 9, *Umsókn um undanþágu*, kemur eftirfarandi texti:

6. Samsetning efnavörunnar samkvæmt skilgreiningu í 2. lið viðauka við reglugerð um öryggisblöð.
10. Öryggisblöð, í samræmi við reglugerð um öryggisblöð.

5. gr.

Á eftir 35. gr. kemur ný grein og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því. Hin nýja grein orðast svo:

Eftirfarandi ákvæði tilskipana 98/73/EB, 2000/32/EB, 2000/33/EB og 2001/59/EB um breytingu á tilskipun 67/548/EBE, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna, sem vísað er til í 1. tl. í XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2004, þann 27. apríl 2004 skulu öðlast gildi hér á landi, sbr. ennfremur fylgiskjal 8:

- a. 2. tl. 1. gr., sbr. viðauka III (A, B, C og D) tilskipunar 98/73/EB sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 58. 23. nóvember 2006, bls. 266-267 og bls. 409-439.
- b. 4. tl. 1. gr., sbr. viðauka IV (A, B, C, D, E, F og G), og 5. tl. 1. gr. tilskipunar 2000/32/EB sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 58. 23. nóvember 2006, bls. 1141-1142 og bls. 1175-1225.
- c. Tilskipun 2000/33/EB sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 58. 23. nóvember 2006, bls. 1230-1247.
- d. 5. tl. 1. gr., sbr. viðauka V (A, B, C, D, E og F), tilskipunar 2001/59/EB sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 58. 23. nóvember 2006, bls. 1276-1278 og bls. 1423-1438.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni með síðari breytingum, og lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 30. nóvember 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

VIÐAUKI

Fylgiskjal 8.**Prófunaraðferðir.**

Þar sem í reglugerð þessari er vísað til rannsókna á þeim áhrifum og eiginleikum efna sem reglugerðin fjallar um skal nota þær prófunaraðferðir sem tilgreindar eru í V. viðauka við tilskipun 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna, eins og henni var breytt með;

1. tilskipun 92/69/EBE, viðauki⁶⁾, sem breytir A-, B- og C-hluta V. viðauka tilskipunar 67/548/EBE,
2. tilskipun 93/21/EBE, 4. tl. 1. gr.⁷⁾, sem breytir B-hluta V. viðauka tilskipunar 67/548/EBE,
3. tilskipun 96/54/EB, 3. tl. 1. gr. sbr. IV. viðauka (A, B, C, D og E)⁸⁾, sem breytir B-hluta V. viðauka tilskipunar 67/548/EBE,
4. tilskipun 98/73/EB, 2. tl. 1. gr. sbr. III. viðauka (A, B, C og D)⁹⁾, sem breytir A- og C-hluta V. viðauka tilskipunar 67/548/EBE,
5. tilskipun 2000/32/EB, 4. tl. 1. gr. sbr. IV. viðauka (A, B, C, D, E og F)¹⁰⁾, sem breytir B-hluta V. viðauka tilskipunar 67/548/EBE, og 5. tl. 1. gr.¹⁰⁾ sem breytir C-hluta V. viðauka tilskipunar 67/548/EBE,
6. tilskipun 2000/33/EB, sbr. viðauka I og II¹¹⁾, sem bætist við B-hluta V. viðauka tilskipunar 67/548/EBE, og
7. tilskipun 2001/59/EB, 5. tl. 1. gr., sbr. viðauka 5 (A, B, C, D og E)¹²⁾, sem breytir B-hluta V. viðauka tilskipunar 67/548/EBE, og 5. tl. 1. gr., sbr. viðauka 5F¹²⁾, sem breytir C-hluta V. viðauka tilskipunar 67/548/EBE.

B-deild – Útgáfud.: 4. desember 2006

⁶⁾ Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstök útgáfa: bók 3, 21.03.1994, bls. 413-414 og sérstök útgáfa 08.02.1999, bls. 1-235.

⁷⁾ Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstök útgáfa: bók 3, 21.03.1994, bls. 426-427.

⁸⁾ Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 51, 11.10.2001, 4. hluti, bls. 271 og bls. 274-310.

⁹⁾ Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 58, 23.11.2006, bls. 266-267 og bls. 409-439.

¹⁰⁾ Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 58, 23.11.2006, bls. 1141-1142 og bls. 1175-1225.

¹¹⁾ Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 58, 23.11.2006, bls. 1230-1247.

¹²⁾ Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 58, 23.11.2006, bls. 1276-1278 og bls. 1423-1448.